

# Reglugerð um heiðursviðurkenningar til sjálfboðaliða innan Ungmennafélagsins Aftureldingar

## 1. Inngangur.

Afturelding veitir við sérstök tækifæri einstaklingum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir félagið. Heiðursviðurkenningar þessar eru eingöngu veittar fyrir sjálfboðaliðavinnu fyrir félagið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar á uppskeruhátíð félagsins fyrir góðan árangur í íþróttum, Starfsbikarinn til deilda og Vinnubjarksbikarinn til einstaklinga, en um þær gildir sérstök reglugerð.

## 2. Viðurkenningar.

- **Bronsmarki Aftureldingar** skal veita þeim einstaklingum sem hafa unnið mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið eða deildir þess að lágmarki tvö starfsár.
- **Silfurmerki Aftureldingar** skal veita þeim einstaklingum sem hafa unnið mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið eða deildir þess að lágmarki fimm ár. Mest má veita 3 silfurmerki að jafnaði á ári.
- **Gullmerki Aftureldingar** skal veita þeim einstaklingum sem hafa unnið mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið eða deildir þess að lágmarki 10 ár og gert stórt átak í félagsstörfum innan Aftureldingar. Mest má veita eitt gullmerki að jafnaði á ári.
- **Æskuskjöldur Aftureldingar.** (Gefinn í 90 ára afmælisgjöf af Sveini í Hlíð) skal veita þeim einstaklingi sem hefur unnið mikið og gott starf fyrir félagið í gegnum tíðina. Einstaklingurinn skal vera orðinn afi eða amma. Skjöldurinn er til varðveislu í eitt ár í senn.
- **Heiðursfélagar.** Undir sérstökum kringumstæðum má kjósa einstaklinga, 50 ára eða eldri sem hafa unnið framúrskarandi starf fyrir félagið um langan tíma eða hafa á annan veg reynst félaginu einstaklega vel. Aðalstjórn félagsins ákveður á stjórnarfundum, þar sem allir meðlimir hennar eru mættir hverjir skulu sæmdir heiðursviðurkenningum félagsins. Kosning heiðursfélaga verður að vera samhljóða.

## 3. Heiðursviðurkenningarnefnd

Aðalstjórn Aftureldingar skal skipa sérstaka heiðursviðurkenningarnefnd sem hefur það hlutverk að halda utan um og velja þá einstaklinga sem hljóta eiga heiðursviðurkenningu hverju sinni.

## 4. Afhending heiðursviðurkenninga

Afhending heiðursviðurkenninga skal eiga sér stað á aðalfundum félagsins ár hvert eða þegar tilefni er til. Á hverjum aðalfundi skal aðalstjórn birta lista með nöfnum allra þeirra sem hlotið hafa viðurkenningar. Einungis er hægt að veita þeim silfurmerki sem áður hafa hlotið bronsmerki og einungis er hægt að veita þeim gullmerki sem áður hafa hlotið silfurmerki.

Reglugerð þessi er gerð í mars 2007 og er samþykkt af aðalstjórn félagsins og í samræmi við lög þess. Fyrstu viðurkenningar samkvæmt reglugerðinni verði veittar á aðalfundi félagsins þann 13. mars 2007.